

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Reykholt, hótél, Borgarbyggð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12. desember 2016 deiliskipulagsbreytingu vegna stækkunar hótels Reykhólts. Breytingin felur m.a. í sér stækkun hótelsins til austurs. Innan stækkunar byggingarreits til austurs má reisa allt að tveggja hæða hátt hús auk kjallara, allt að 1.400 m² að stærð. Innan stækkunar byggingarreitsins til vesturs og suðurs má reisa baðlaugar og kjallararými allt að 120 m² undir núverandi jarðvegsyfirborði. Nýr byggingarreitur er markaður norðan við núverandi aðalinngang. Innan þessa reits verði heimilt að koma fyrir niðurkeyrslurampi og vöruaðkomu að kjallara hússins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 21. febrúar 2017.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2017